

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

Otrivin Menthol ukonserveret 1 mg/ml nefúði, lausn xýlómetazólínhýdróklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum:

1. Upplýsingar um Otrivin Menthol og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Otrivin Menthol
3. Hvernig nota á Otrivin Menthol
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Otrivin Menthol
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Otrivin Menthol og við hverju það er notað

Otrivin Menthol er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára.

Otrivin Menthol er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára.

Otrivin Menthol er notað við nefstíflu vegna kvefs og bólgu í ennis- og kinnholum.

Otrivin Menthol verkar þannig að það dregur saman háráðarnar í bólginni slímhúð nefsins. Við það minnkar stíflan í nefinu og loftstreymið um nefið batnar. Verkun hefst eftir fáeinar mínútur og varir í allt að 12 klukkustundir.

Otrivin Menthol þolist almennt vel, einnig hjá sjúklingum með viðkvæma slímhúð.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Otrivin Menthol

Ekki má nota Otrivin Menthol

- ef þú ert með ofnæmi fyrir xýlómetazólín eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn
- ef þú ert með þrönghornsgláku (bráða gláku)
- ef þú ert með langvinna bólgu í nefi og mjög þurra nefslímhúð (nefslímubólgu með óeðlilega þurri nefslímhúð (rhinitis sicca) eða með slímhúðarvisnum (atrophic rhinitis)).

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Otrivin Menthol

- lengur en í 10 sólarhringa, því tíð og langvarandi notkun getur valdið því að bólgan í slímhúð nefsins versni.
- Otrivin Menthol má ekki nota handa börnum yngri en 12 ára.

Leitaðu ráða hjá læknum áður en Otrivin Menthol er notað ef þú ert

- með aukna virkni skjaldkirtilsins (skjaldvakaóhóf)
- með sykursýki
- með of háan blóðþrýsting (háþrýsting)
- með hjarta- og æðasjúkdóma (t.d. heilkenni lengingar á QT bili)
- með erfiðleika við þvaglát vegna stækkunar blöðruhálskirtils
- með þunglyndi og ert á lyfjameðferð með MAO-hemlum eða hefur verið á slíkri lyfjameðferð síðustu 2 vikurnar
- með æxli í nýrnahettum (krómffiklaæxli).

Notkun annarra lyfja samhliða Otrivin Menthol

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils. Þetta á einnig við um lyf sem keypt eru erlendis, náttúrulyf, vítamín í stórum skömmtum og steinefni sem og fæðubótarefni.

Otrivin Menthol má ekki nota með ákveðnum tegundum þunglyndislyfja án samráðs við lækni.

Meðgangi og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

Ekki er mælt með notkun Otrivin Menthol á meðgöngu. Hafðu samband við lækinn.

Otrivin Menthol má aðeins nota samkvæmt lækni ráði þegar barn er haft á brjósti.

Akstur og notkun véla

Otrivin Menthol hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Mikilvægar upplýsingar um tiltekin innihaldsefni í Otrivin Menthol

Otrivin Menthol inniheldur laxerolíu sem getur valdið húðviðbrögðum.

3. Hvernig nota á Otrivin Menthol

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Venjulegur skammtur

Fullorðnir og börn eldri en 12 ára:

Ein úðun í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum og ekki lengur en í 10 sólarhringa. Ekki úða oftari en að hámarki 3 sinnum í hvora nös á sólarhring.

Fylgið ráðlögðum skammti. Sérstaklega hjá börnum og öldruðum.

Notkun handa börnum og unglungum

Ekki ætlað börnum undir 12 ára.

Otrivin Menthol á að nota á eftirfarandi hátt

Fyrir fyrstu notkun á að ýta 4 sinnum á úðarann til að undirbúa dæluna. Nú er dælan tilbúin til notkunar. Ef hún gefur ekki frá sér lausn þegar þrýst er á hana þarf að undirbúa dæluna að nýju eins og lýst er hér að ofan. Ekki má klippa stútinn.



1. Snýttu þér áður en þú notar nefúðann.
2. Fjarlægðu glæru plashettuna af úðaflöskunni.



3. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna eins og sýnt er á myndinni. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni.



4. Hallaðu höfðinu örlítið fram.
5. Settu stútinn á úðaflöskunni í aðra nösina. Úðað er um leið og andað er að sér um nefið.



6. Endurtaktu liði 4-5 í hina nösina.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður af Otrivin Menthol

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafðu umbúðir lyfsins við höndina.

Ef þú notar of mikið af Otrivin Menthol getur þú fengið hraðan og óreglulegan hjartslátt, of háan blóðþrýsting, lækkaðan líkamshita, höfuðverk, aukna svitamyndun, öndunarerfiðleika og sundl.

Ef gleymist að nota Otrivin Menthol

Ef þú hefur gleymt skammti skaltu nota hann um leið og þú manst eftir því. Ef komið er nálægt næsta skammti skaltu sleppa skammtinum sem gleymdist. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Otrivin Menthol valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 meðhöndluðum): Ofnæmisviðbrögð eins og húðútbrot, öndunarerfiðleikar, hraður eða óreglulegur hjartsláttur, þroti í andliti og koki. Ef þú færð alvarlegar aukaverkanir skaltu tafarlaust hafa samband við lækni eða bráðamóttöku. Hringdu jafnvel í 112.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 100 meðhöndluðum): Höfuðverkur, sviði í nefi og hálsi, þurrkur og erting í nefslímhúð, hnerri, brunatilfinning í nefi, nefrennsli vegna aukinnar slímmyndunar, brunatilfinning á íkomustað, ógleði.

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 1.000 meðhöndluðum): Stíflað nef, einkum eftir langvarandi eða tíða notkun. Blóðnasir.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 meðhöndluðum): Óþægindi í maga og þörmum.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 meðhöndluðum): Eirðarleysi, svefnleysi, þreyta, sjóntruflanir, óreglulegur púls eða hraður hjartsláttur.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Otrivin Menthol

- Geymið ekki við hærri hita en 25°C.
- Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota Otrivin Menthol eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Otrivin Menthol inniheldur:

- *Virkt efni:* xylómetazólínhýdróklóríð (ein úðun inniheldur u.þ.b. 0,14 mg).
- *Önnur innihaldsefni:* natriumdíhýdrogenfosfat-díhýdrat, dínatríumfosfat-dódekahýdrat, natriumklóríð, dínatríumedetat, mentól (levomentól), cineol, sorbitól (E420), pólýoxýleruð hert laxerolía, hreinsað vatn.

Lýsing á útliti Otrivin Menthol og pakkningastærðir

Útlit: ópallýsandi, hvít lausn með ilm af menthol og eukalyptus (cineol).

Pakkningastærð:

10 ml.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Haleon Denmark ApS
Delta Park 37
Vallensbæk Strand
Danmörk

Framleiðandi

Haleon Denmark ApS
Delta Park 37
2665 Vallensbæk Strand
Danmörk

Umboð á Íslandi

Artasan ehf
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í maí 2023.